

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	25.10.19
Málalýkill	02.0
Mál nr.	1910353



Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8100 frn@frn.is
stjornarradid.is

Reykjavík 17. október 2019
Tilv.: FRN19100076/10.20.03

Efni: Samráðshópur vegna móttöku flóttafólks

Samkvæmt 12. gr. viðmiðunarreglna flóttamannanefndar, dags. 10. maí 2013, um móttöku og aðstoð við hópa flóttafólks, skipar ráðherra samráðshóp vegna stuðnings og aðlögunar við flóttafólk í hvert sinn sem gerður er samningur við nýtt sveitarfélag, sbr. 11. gr. Samráðshópin skipa tveir fulltrúar sveitarfélags, fulltrúi Rauða krossins á Íslandi, fulltrúi deildar Rauða krossins í viðkomandi sveitarfélagi og fulltrúi félagsmálaráðuneytis sem er formaður hópsins. Verkefni samráðshópsins er að tryggja sem best samræmi og samhæfingu vegna móttöku og aðstoðar við flóttafólkið og greitt flæði upplýsinga til flóttamannanefndarinnar og ráðuneytisins.

Undirritaður hefur verið samingur milli félagsmálaráðuneytisins, Setjarnarness, Garðabæjar, Mosfellsbæjar og Rauða krossins á Íslandi, um móttöku, aðstoð og stuðning við hóp flóttafólks.

Með vísan til framanritaðs er hér með óskað eftir tilnefningum tveggja fulltrúa af hálfu Garðabæjar í samráðshópin. Þess er vinsamlega óskað að umbeðin tilnefning berist ráðuneytinu sem allra fyrst, ásamt upplýsingum um kennitölu og netfang þess aðila sem tilnefndur verður. Ekki er gert ráð fyrir að greidd verði þóknun fyrir setu í samráðshópnum.

Ráðuneytið vekur athygli á 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en þar er meðal annars kveðið á um að þegar tilnefnt er í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skuli tilnefna bæði karl og konu. Þá kemur fram að tilnefningaraðila sé heimilt að víkja frá þeirri skyldu þegar hlutlægar ástæður leiða til þess að ekki er mögulegt að tilnefna bæði karl og konu. Skal tilnefningaraðili þá skýra ástæður þess.

Fyrir hönd félags- og barnamálaráðherra


Gissur Pétursson


Elísabet Þórisdóttir